

Ársskýrsla 2012



Grundvallarhugsjónir Rauða krossins og Rauða hálfmánans

MANNÚÐ Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFSTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar. **SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar. ■

Efni

Eining er grunnur að góðu starfi.....	2	•	Tombólubörnin eflast með hverju ári	14
Forysta í sjálfboðnu starfi	3	•	Neyðaraðgerðir í Gambíu og á Sahel-svæðinu	14
Tekjur og útgjöld	4	•	Gengið til góðs fyrir börn í neyð	15
Ýmsir viðburðir úr starfinu.....	5	•	Þáttaskil í Malaví.....	16
Sjálfstæð tekjuöflun.....	7	•	Áframhaldandi rekstur sjúkrabílaflotans	16
Íslandsspil - þá og nú.....	8	•	Fyrirtækjasamstarf Rauða krossins	17
Metþátttaka á skyndihjálparnámskeiðum.....	9	•	Rauða kross varningur til sölu	17
Jólaaðstoð Rauða krossins um allt land	10	•	Rekstur athvarfsins Vinjar tryggður.....	18
Fatasöfnun Rauða krossins ómetanleg fjáröflun.....	11	•	Sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi	19
Metár í sendingu barnapakka	12	•	Alþjóðlegt hjálparstarf.....	21
Mannvinir mikilvægir liðsmenn Rauða krossins	12	•	Langtímaverkefni í Síerra Leóne.....	22
Sálrænn stuðningur við stríðshrjád börn	13	•		



Eining er grunnur að góðu starfi

Rauði krossinn á Íslandi er félag sjálfbóðaliða sem stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Þetta eru skilaboðin sem fram koma í fyrstu grein nýrra laga félagsins sem samþykkt voru á aðalfundi 2012. Ný og breytt lög voru eðlilegt skref í framhaldi af samþykkt nýrrar stefnu á árinu 2011. Lögum er ætlað að fylgja eftir þeirri áherslu í stefnu félagsins að Rauði krossinn á Íslandi sé eitt félag og að um hlutverk hans og verkefni ríki eining og sátt.

Til þess að geta sinnt verkefnum sínum þarf Rauði krossinn á Íslandi að vera öflugur og vel starfandi. Þar skiptir innra starf og skipulag miklu máli. Á árinu fór mikil vinna í að sinna innra starfi sem m.a. má sjá af því að haldnir voru tveir aðalfundir og tveir formannafundir.

Ein af grundvallarhugsjómum Rauða krossins og Rauða hálfmánans er eining. Rauði krossinn á Íslandi er hlekkur í mannúðarkeðju landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans um allan heim. Landsfélögin mynda net um allan heim og síðan mynda deildir í hverju landi eitt félag sem tryggir að Rauða kross starf nær til landsins alls. Í einingu felst að ekkert Rauða kross félag getur verið til nema sem hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og engin Rauða kross deild getur verið til nema sem hluti af landsfélagi Rauða krossins.

Tekjur félagsins frá Íslandsspilum halda áfram að minnka. Það þýðir að hlutfall ann-

arra tekna eykst en þær eru í flestum tilvikum merktar ákveðnum verkefnum og umtalsverður kostnaður er af því að afla þeirra. Svigrúm og sjálfstæði Rauða krossins á Íslandi til verkefna hefur því dregist verulega saman undanfarin ár. Hluti af nýjum lögum var breyting á skiptingu tekna frá Íslandsspilum til Rauða kross deilda. Skiptast tekjurnar nú í meira mæli eftir því hversu mikið starf fer fram í deildunum.

Gripa varð til ýmissa erfiðra aðgerða til að bregðast við tekjumissinum. Sem dæmi má nefna að ákveðið hafði verið að leggja niður starfsemi Vinjar, en horfið var frá því þegar Reykjavíkurborg og ríki ákváðu að kosta stóran hluta af starfsemi athvarfsins. Einnig var dregið úr stórum hluta þeirra verkefna sem sérstaklega var farið af stað með í kjölfar hrunsins. Nauðsynlegt verður í framtíðinni að forgangsraða verkefnum enn frekar og endurmeta þörf fyrir þau og árangur.

Jákvætt hugarfar og samstarf innan félagsins eru lykilatriði til þess að bregðast við breyttum aðstæðum á uppbyggilegan hátt. Skipulagsbreytingar eru framundan og mikilvægt að samstaða náist um þær. Þær eru lykilatriði til þess að Rauði krossinn á Íslandi geti áfram sinnt því meginhlutverki sínu að bregðast við hvers konar neyð, hvort heldur er af náttúru- eða mannavöldum, standa vörð um og aðstoða þá sem verst eru staddir í samfélaginu og veita aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum.

Rauði krossinn á Íslandi á því láni að fagna að innan hans starfa öflugir sjálfbóðaliðar. Sjálfbóðaliðar verja tíma sínum, kröftum og þekkingu í þágu mannúðar án þess að gera kröfu um nokkurt endurgjald. Þeir eru aðalstyrkur Rauða krossins hvar sem er í heiminum.

Almenningur og stjórnvöld bera traust til Rauða krossins á Íslandi. Það traust hefur félagið áunnið sér með verum sínum. Þetta traust og stuðning ber að þakka.

Að lokum viljum við þakka sjálfbóðaliðum Rauða krossins á Íslandi og starfsfólki félagsins fyrir vel unnin störf á liðnu ári.

Anna Stefánsdóttir,
formaður Rauða krossins

Kristján Sturluson,
framkvæmdastjóri Rauða krossins

Forysta í sjálfboðnu starfi

Stjórn Rauða kross Íslands:



Anna Stefánsdóttir
formaður



Ragna Árnadóttir
varaformaður



Einar Sigurðsson
gjaldkeri



Eyrún Sigurðardóttir
ritari



Jón Þorsteinn
Sigurðsson



Helgi Ívarsson



Gísli Friðriksson



Guðný Bergvinsdóttir



Halldór U. Snjólaugsson



Jónas Sigurðsson



Anh-Dao Tran



Sólveig Reynisdóttir



Stefán Yngvason

Framkvæmdaráð

Anna Stefánsdóttir formaður
Ragna Árnadóttir varaformaður
Eyrún Sigurðardóttir ritari
Einar Sigurðsson gjaldkeri

Stjórn Verkefnasjóðs

Stefán Yngvason formaður
Sólveig Reynisdóttir
Ágústa Gísladóttir
Málfríður Björnsdóttir

Stjórn Íslandsspila

Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Kristján Sturluson
Sólveig Reynisdóttir

Skoðunarmenn

Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigrún Camilla Halldórsdóttir

Endurskoðunarskrifstofa

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Stjórn URKÍ

Margrét Inga Guðmundsdóttir formaður
Prúður Kristjánsdóttir varaformaður
Hekla Sigurðardóttir
Unnur Ósp Hannesdóttir
Anna Eir Guðfínnudóttir

Skyndihjálparráð

Anna María Þórðardóttir
Einar Örn Arnarsson
Hafþór Birgir Guðmundsson
Gunnar M. Baldursson
Gunnhildur Sveinsdóttir
Oddur Eiríksson
Þorsteinn Jónsson

Formenn deilda

A-Húnavatnssýslud. Anna Kristín Davíðsdóttir
Akranesdeild Sveinn Kristinsson
Akureyrardeild Jón G. Knutsen
Álftanesdeild Fjóla Sæbjörg Ólafsdóttir
Árnesingadeild Guðrún Bergmann
Bolungarvíkurdeild Dóra María Elíasdóttir
Borgarfjarðardeild Margrét Vagnsdóttir
Breiðdalsdeild Þórunn Björg Jóhannsdóttir
Búðardalsdeild Eyjólfur Sturlaugsson
Dalvíkurdeild Símon Páll Steinsson
Djúpavogsdeild Magnús Kristjánsson
Dýrafjarðardeild Bergur Torfason
Eskifjarðardeild Pétur Karl Kristinsson
Fáskrúðsfjarðardeild Halldór U. Snjólaugsson
Garðabæjardeild Gunnar H.G. Richardsson
Grindavíkurdeild Ágústa Gísladóttir
Grundafjarðardeild Bryndís Theódórsdóttir

Hafnarfjarðardeild Ingibjörg Edda Ásgeirsdóttir
Héraðs- og Borgarfj. Málfríður Björnsdóttir
Hornafjarðardeild Marianna Jónsdóttir
Húsavíkurdeild Halldór Valdemarsson
Hvammstangadeild Sæunn Vígdis Sigvaldadóttir
Hveragerðisdeild Örn Guðmundsson
Ísafjarðardeild Hrefna Magnúsdóttir
Klausturdeild Guðveig Hrólfsdóttir
Kópavogsdeild Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir
Mosfellsbæjardeild Gísli Friðriksson
Norðfjarðardeild Þorgerður Malmquist
Ólafsfjarðardeild Helga Stefánsdóttir
Rangárvallasýslud. Árni Þorgilsson
Reyðarfjarðardeild Sigurður Ásgeirsson
Reykjavíkurdeild Stefán Yngvason
Seyðisfjarðardeild Guðni Sigmundsson
Siglufjarðardeild Ólafur Sigurðsson

Skagafjarðardeild Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir
Skagastrandardeild Sigrún Líndal Prastardóttir
Snæfellsbæjardeild Elfa Ármannsdóttir
Strandasýsludeild Hlíf Hrólfsdóttir
Stykkishólmsdeild María Guðmundsdóttir
Stöðvarfjarðardeild Þóra Björk Nikulásdóttir
Suðurnesjadeild Guðbjörg Ágústa Sigurðardóttir
Súðavíkurdeild Margrét Lilja Vilmondardóttir
Súgandafjarðardeild Bryndís Ásta Birgisdóttir
V-Barðastrandarsd. Helga Gísladóttir
Vestmannaeyjadeild Sigmar Georgsson
Víkurdeild Sveinn Þorsteinnsson
Vopnafjarðardeild Kristín Þóra Jóhannudóttir
Þórshafnardeild Guðrún Stefánsdóttir
Önundarfjarðardeild Edda Graichen
Öxarfjarðardeild Helga Árnadóttir

Tekjur og útgjöld

Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum minnkuðu um 4% milli árána 2011 og 2012. Lækkunin að raungildi, að teknu tilliti til verðlags, er hins vegar 9%.

Frjáls framlög námu 207 milljónum króna. Þar af voru félagsgjöld tæpar 19 milljónir og runnu til deilda Rauða krossins.

Sala á notuðum fatnaði skilaði Rauða krossinum 88 milljóna króna tekjuafgangi á árinu.

Á árinu söfnuðust um 25 milljónir í söfnuninni *Göngum til góðs* og rann það fé til barna í neyð.


Útgjöld til alþjóðlegs hjálparstarfs námu 289 milljónum króna. Þar af var 177 varið til neyð-araðstoðar og 112 til þróunarsamvinnu. Fjárfrekasta verkefnið var neyðaraðstoð við íbúa á Sahel-svæðinu í Afríku en um 70 milljónir runnu til þess verkefnis.

Útgjöld til innlendra verkefna voru 517 milljónir króna og lækkuðu um 75 milljónir milli ára. Neyðaraðstoð til einstaklinga nam 18 milljónum króna.

277 milljónir fóru til rekstrar sjúkrahúla. Rauði krossinn lagði til 13 milljónir en aðrar tekjur koma frá ríkinu og notendum þjónustunnar.

Lykiltölur úr rekstrinum

	2012	2011	2010	2009	2008
Tekjur og framlög					
Tekjur af söfnunarkössum	455 859	473 620	512 102	581 731	615 380
Gjafir og framlög	206 613	239 384	310 313	264 624	234 152
Samingsbundin verk við stjórnvöld	279 130	227 891	202 831	173 865	150 375
Sjúkraflutningar	161 336	141 369	129 249	116 888	93 227
Tekjur af sölustarfsemi	268 794	246 321	192 879	151 528	128 195
Aðrar tekjur	117 311	94 622	151 738	193 879	248 163
Samtals	1 489 043	1 423 207	1 499 112	1 482 515	1 469 492
Framlög til nokkurra verkefna					
Alþjóðahjálparstarf	289 023	312 012	346 248	328 407	326 037
Alþjóðasamstarf	38 165	52 230	71 670	61 864	65 984
Innanlandsstarf	517 204	588 347	608 193	561 563	470 044
Sjúkraflutningar	276 666	263 296	264 457	250 793	264 729
Hjálparsíminn	26 383	30 226	29 078	29 243	25 445
Athvörf Rauða krossins	74 933	75 131	71 774	70 550	71 336



Ýmsir viðburðir úr starfinu



Janúar

Veður voru válynd í janúar. Hveragerðisdeild Rauða krossins opnaði fjöldahjálparstöð í húsnæði deildarinnar að kvöldi 10. janúar vegna óveðurs og ófærðar á Hellisheiði. Fjöldahjálparstöðinni var lokað um miðnætti þegar búið var að leysa úr málum strandaglópa. Suðurnesjadeild opnaði einnig fjöldahjálparstöð vegna veðurs í lok mánaðarins og kom til hjálpar 28 manns sem komust ekki leiðar sinnar vegna ófærðar og illviðris og gistu þeir í húsnæði deildarinnar.



Febrúar

Þann 11. febrúar, á 112-daginn, veitti Rauði krossinn Gísla Erni Gíslasyni viðurkenningu sem skyndihjálparamanni ársins 2011 fyrir að sýna hárrétt viðbrögð á neyðarstundu þegar dóttir hans fór í hjartastopp á heimili þeirra. Gísl bjargaði lífi dóttur sinnar, Sigurbjargar Jóhönnu Gísladóttur, með hjartahnoði eftir að hún fór í hjartastopp í miðjum samræðum þeirra á milli.



Mars

Rauði krossinn efndi til málefnaþings um alþjóðlegt hjálparstarf í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Unngjöll-unarefnið var endurreisn eftir átök og hamfarir. Emmanuel Tommy, framkvæmdastjóri Rauða krossins í Síerra Leóne, var heiðursgestur málefnaþingsins og flutti erindi um endurhæfingu ungmenna eftir langarandi vopnuð átök. Hann heimsótti einnig nokkrar deildir félagsins til að kynna samstarf systurfélaganna í Síerra Leóne.



Júlí

Áhugasamir gestir á sjúkradeild Héraðs-sjúkrahúss Austurlands fengu ökuferð með óhefðbundnum fararskjóta í blíðunni á Egilsstöðum. Það var óvenjuleg sjón sem blasti við vegfarendum þar eystra þegar aldraðir vistmenn á sjúkradeild Héraðssjúkrahúss Austurlands þeystust um götur í nágrenni sjúkrahússins á vagni sem tveir hundar drógu. Ökuferðirnar reyndust á vegum Hjördísar Hilmarsdóttur, sjálfboðaliða hjá Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða krossins, en Hjördís fer í reglulegar heimsóknir með hundinn Eld til vistmanna á sjúkradeildinni.



Ágúst

Um 20 fjöldahjálparstjórar og sjálfboðaliðar Rauða krossins á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu hlúðu að 238 farþegum og 17 manna áhöfn flugvélar frá Aeroflot í flugskýli á öryggissvæði á Keflavíkflugvelli vegna sprengjuhótunar 16. ágúst. Rauði krossinn dreifði teppum til fólksins og mat, auk þess sem barnafjölskyldum voru útvegaðir mjólkurpælar og aðrar nauðsynjar. Farþegarnir voru allir án handfarangurs þangað til liðið var á daginn og því gengu sjálfboðaliðar á milli fólks, könnuðu ástand þess og útveguðu fólki nauðsynleg lyf sem það gat ekki verið án.



September

Rauði krossinn í Mosfellsbæ hélt upp á það að 10 ár væru liðin síðan ungmennastarfi deildarinnar var ýtt úr vör. Til að fagna þessum tímamótum komu nokkrir núverandi og fyrrverandi leiðbeinendur saman í Rauða-krosshúsinu Þverholti 7, ásamt velunnurum og fylgifyskum í spjall og dísæta súkkulaðitertu.

Ýmsir viðburðir úr starfinu



Apríl

Unglingar í 8., 9. og 10. bekk á Selfossi létu söfnunarfé frá árlegri góðgerðavíku renna til Árnesingadeildar Rauða krossins. Markmið vikunnar var að hjálpa öðrum og gleðja bæjarbúa. Þá var lögð áhersla á að kynna gildi félagsstarfa og sjálfbóðaliðastarfa fyrir unglinga. Unglingarnir kjósa sjálfir hverja á að styrkja og hafa miklar skoðanir á því. Lýðræðisleg niðurstaða að þessu sinni var sú að styrkja Rauða krossinn og nam styrkurinn 63.000 krónum.



Maí

Aðalfundur Rauða kross Íslands sem haldinn var 19. maí samþykkti að breyta nafni félagsins þannig að þaðan í frá yrði það Rauði krossinn á Íslandi. Gert er ráð fyrir því að í daglegu tali verði einfaldlega talað um Rauða krossinn. Tilgangurinn með nafnbreytingunni var meðal annars að undirstrika að Rauði krossinn á Íslandi væri hluti af alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og að koma til móts við þá hefð sem hefur myndast að tala um „Rauða krossinn“ í daglegu máli.



Júní

Rauði krossinn og Sjóvá stóðu fyrir söfnun á brjóstahöldum og öðrum undirfötum í tengslum við Kvinnahlaup ÍSÍ sem fram fór fram 16. júní. Árlega velja skipuleggjendur Kvinnahlaupsins eitt málefni tengt konum til að vekja sérstaka athygli á. Ákveðið var að hvetja þátttakendur kvinnahlaupsins til að gefa nærföt til Rauða krossins. Stella Sigurðardóttir, leikmaður Fram í handknattleik og nýkjörinn leikmaður ársins í N1 deild kvenna, og móðir hennar, Soffía Bragadóttir, mættu af þessu tilefni til Rauða krossins til þess að gefa fyrstu brjóstahöldin.



Október

Anna Stefánsdóttir, fyrrverandi hjúkrunarforstjóri Landspítalans, var endurkjörin formaður Rauða krossins á Íslandi til næstu tveggja ára á framhaldsaðalfundi félagsins sem haldinn var í Reykjavík 13. október. Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, var kjörin varaformaður til fjögurra ára.



Nóvember

Nemendur í Réttarholtsskóla bjuggu til óskastjórnur sem seldar voru til styrktar mannúðarstarfi Rauða krossins. Þetta er í annað sinn sem nemendurnir taka höndum saman og efna til fjáröflunar fyrir félagið. Öskjurnar voru svo seldar í skólahverfinu. Að þessu sinni hefur verið ákveðið að styðja „Frú Ragnheiði“ en það er verkefni á vegum Rauða krossins í Reykjavík sem lýtur að hjálp við heimilislaut fólk sem margt hvert glímir við fíkniefnavanda á háu stigi.



Desember

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins stóðu vaktina í jólamánuðinum líkt og aðra daga ársins. Fjölmargir unnu við jólaúthlutanir, Hjálparsími Rauða krossins 1717 var opinn alla hátíðisdagana, og Konukot, athvarf Rauða krossins fyrir heimilislausar konur á höfuðborgarsvæðinu, var einnig opið. Athvörf Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir voru einnig víða opin yfir hátíðirnar. ■



Ferfættir heimsóknavinir Rauða krossins voru heiðraðir sem afrekshundar ársins 2012 á alþjóðlegri sýningu Hundaræktarfélags Íslands. Anna Stefánsdóttir, formaður félagsins, veitti viðurkenningunni viðtöku. Heimsóknavinir Rauða krossins eru um 550 talsins.

Sjálfstæð tekjuöflun forsenda fyrir fjölbreyttum verkefnum

Mikilvægasti tekjustofn Rauða krossins á Íslandi er tekjur af söfnunarkössum Íslandsþila. Þessi tekjustofn er óeyrnamerkur og veitir því Rauða krossinum mikið sjálfstæði varðandi verkefnaval jafnt innanlands sem í alþjóðastarfi.

Tekjurnar af söfnunarkössunum renna til deilda samkvæmt hlutfallsskiptingu og eru meginuppistaða í kostnaði við innanlandsverkefni. Þessi tekjustofn gerir Rauða krossinum kleift að veita tafarlausa neyðaraðstoð jafnt innanlands sem á alþjóðlegum vettvangi. Þessar tekjur hafa farið stigmínkandi á síðustu árum sem kallar á enn frekara aðhald í rekstri félagsins.

Alls eru sjálfboðaliðar Rauða krossins á Íslandi um 3500 talsins. Stærsta verkefnið á landsvísi er neyðarvarnir en um 750 sjálfboðaliðar Rauða krossins um allt land eru til taks ef hamfarir eða önnur áföll dynja yfir. Þessir sjálfboðaliðar hafa verið þjálfaðir í að setja upp fjöldahjálparstöðvar og veita sálrænan stuðning og skyndihjálp þegar mikið liggur við.

Neyðarvarnir eru skylduverkefni allra deilda samkvæmt samningi Rauða krossins og ríkisins. Einnig er kveðið á um aðkomu Rauða krossins í lögum um almannavarnir. Á árinu 2012 voru 24 neyðarútköll skráð. Þau umfangsmínustu voru áfallahjálparútköll en þau stærstu voru vegna óveðurs á Norðurlandi í september sem olli miklum fjársköðum, og í kjölfar jarðskjálftahrinu úti fyrir Mið-Norðurlandi í október.

Stöðuga þjálfun þarf til þess að halda sjálfboðaliðum í neyðarvörnum virkum. Níu hefðbundin fjöldahjálparnámskeið voru haldin á árinu og þjálfaður var 131 nýr fjöldahjálparstjóri. Það er rúmlega tvöföldun frá fyrra ári en þá voru þjálfaðir 64 fjöldahjálparstjórar. Fjöldahjálparnámskeiðin voru í Borgarfirði, Búðardal, Djúpavogi, Grundarfirði/Stykkishólmi, Hafnarfirði, Ísafirði, Reykjavík og Þórshöfn.

Heimsóknavinir Rauða krossins gegna mikilvægu hlutverki um allt land. Margir hópar búa við félagslega einangrun, eins og kannanir Rauða krossins á liðnum árum hafa sýnt. Markmið heimsóknavina er að draga úr einsemi og rjúfa einangrun gestgjafans. Í lok árs 2012 buðu 47 deildir upp á heimsóknþjónustu eða önnur verkefni sem draga úr félagslegri einangrun.

Heimsóknavinir voru um 550 á árinu og fjöldi gestgjafa um 650 manns. Nú eru einnig um 35 hundar sem fara með eigendum sínum í heimsóknir bæði á stofnanir og til einstaklinga. Á árinu 2012 var einnig útbúið myndband og önnur kennslugögn til að undirbúa og fræða verðandi heimsóknavinum áður en þeir hefja heimsóknir. Þetta hefur nýst deildum vel þar sem þær sjá nú sjálfar um undirbúningssnámskeið fyrir nýja sjálfboðaliða.

Um 50 sjálfboðaliðar starfa í verkefnum tengdum aðstoð við hælisleitendur og flóttamenn sem leita hingað til lands. Alls sóttu 116 einstaklingar um hæli hér á landi árið 2012. Í lok október komu svo hingað níu



Rauði krossinn sér um stuðningsverkefni fyrir afganska flóttamenn sem komu hingað til lands í október í boði stjórnvalda.

afganskir flóttamenn sem íslensk stjórnvöld buðu hæli á Íslandi í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Reykjavíkurborg og Rauða krossinn. Um var að ræða þrjár konur og börn þeirra sem höfðu flúið frá Afganistan til Íran.

Rauði krossinn sá meðal annars um að auglýsa eftir og þjálfa stuðningsfjölskyldur sem eru flóttafólk til stuðnings í eitt ár eftir komuna til landsins. Að þeim tíma liðnum lýkur samningi þeirra við Rauða krossinn þó svo að samband flóttafólks og stuðningsfjölskyldna haldi í flestum tilfellum áfram. Hugmyndafræðin á bak við stuðningsaðilakerfið er sú að koma í veg fyrir félagslega einangrun og stuðla að aðlögun með því að koma á sambandi milli innfæddra og flóttamanna.

Um 450 sjálfboðaliðar taka svo þátt í fataverkefni Rauða krossins um allt land, um 100 sjálfboðaliðar svara í Hjálparsíma Rauða krossins 1717, og um 160 sjálfboðaliðar starfa í Konukoti og Frú Ragnheiði sem eru skaðaminnkunarkerfni Rauða krossins í Reykjavík. Af öðrum verkefnum Rauða krossins má nefna athvörf fyrir fólk með geðraskanir, barna- og ungmennastarf og starf með innflytjendum. ■

Íslandsspil - þá og nú

Rekstur söfnunarkassa má rekja til ársins 1972 þegar Rauða krossinum var veitt leyfi til reksturs „tíkallakassa“. Kassarnir voru staðsettir víða, margir muna eftir þeim í Eden og Akraborginni, en ágóðinn var aðallega nýttur til reksturs sjúkrabíla. Í kringum 1980 fengu SÁÁ og nú Slysavarnafélagið Landsbjörg leyfi til sams konar reksturs, leyfin voru samnýtt árið 1989 og Íslenskir söfnunarkassar urðu til. Árið 2003 var nafni fyrirtækisins breytt í Íslandsspil.

Samfélagsleg ábyrgð

Alþingi veitir heimild fyrir rekstri peningaspila héraðs og hefur slíkum heimildum verið útdelt til ýmissa samtaka í þeim tilgangi að afla fjár til almannaheilla hér á landi. Samfélagsleg ábyrgð er Íslandsspilum og eigendum mikilvæg og eru mörg verkefni í gangi sem stuðla að því markmiði.

Ábyrg spilun hefur á síðustu árum orðið hornsteinn í rekstri Íslandsspila. Fyrirtækið hefur varið umtalsverðum fjármunum til forvarna, rannsókna og styrkja til meðferða. Fyrsta rannsókn á spilavanda á Íslandi var kostuð og unnin að frumkvæði Íslandsspila árið 2000 af Gallup og í kjölfarið var lágmarksaldur spillara hækkaður í 18 ár.

Íslandsspil býr að áralöngu og farsælu samstarfi við Rannsóknir og greiningu (R&G) og hefur um árabil verið með spurningar í árlegum rannsóknum R&G í grunn- og framhaldsskólum auk þess sem R&G hefur eftirlit með sölustöðum Íslandsspila. Afar ánægjulegt er að hlutfall ungmenna sem prófa að spila hefur minnkað mikið síðustu ár. Starfsfólk Íslandsspila fer einnig í um 700 ótilkynntar heimsóknir á staðina árlega og ef ekki er farið að reglum um lágmarksaldur eru kassar fjarlægðir af sölustað.



Íslandsspil er í góðu samstarfi við HHÍ og Íslenska getspá/getraunir. Þessir aðilar standa saman að verkefnum á sviði ábyrgar spilunar sem tengjast sölustöðum; eru með námskeið fyrir staðarhaldara, bæklinga og skilti, auk þess að reka saman síðuna ábyrgspilun.is.

Mikilvægur tekjustofn

Eigendur Íslandsspila, Rauði krossinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg og SÁÁ gegna veigamiklu hlutverki í íslensku samfélagi. Íslandsspil er mikilvægasti tekjustofninn í rekstri Rauða krossins en árið 2012 námu tekjur frá Íslandsspilum þriðjungi af heildartekjum hans.

Þróun tekna síðustu ár hefur breyst umtalsvert. Hún hefur ekki farið varhluta af efnahagsástandi en á síðustu fimm árum hafa greiðslur Íslandsspila til eigenda dregist saman um 30% eða að raunvirði um 47%. Helsta skýringin er að minna fjármagn er í umferð auk þess sem tilhneiging virðist vera til að verja minna fé til annars en nauð-

synjavara. Sölustöðum hefur farið fækkandi á undanförunum árum sem vissulega hefur neikvæð áhrif.

Tekjusamdráttur kemur einnig til vegna harðnandi samkeppni, en Íslandsspil er í samkeppni við Gullnámuspilakassa Happraettis Háskóla Íslands og einnig við erlend fyrirtæki sem bjóða sams konar leiki á netinu. Samkeppni við HHÍ birtist einna helst í ólíkum heimildum sem aðilarnir hafa; t.d. er hámarksvinnur í spilakössum Íslandsspila 10.000 krónur í sjoppum og almennum stöðum og 100.000 krónur á vínveitingastöðum en í reglugerð HHÍ er ekkert þak og geta því vinningar numið tugum milljóna.

Þróun markaðar og tekjusamdráttur síðustu ár hefur leitt til niðurskurðar í starfi eiganda. Því er nauðsynlegt að Íslandsspil og eigendur standi sameiginlega vörð um þennan mikilvæga tekjustofn, nýti þau tækifæri sem tæknin býður upp á og snúi vörn í sókn. ■



Ungmenni sem tóku þátt í sumarnámskeiði Rauða krossins í Mosfellsbæ fengu skyndihjálparkennslu.

Metþátttaka á skyndihjálparnámskeiðum Rauða krossins

Rauði krossinn á Íslandi hefur allt frá stofnun árið 1924 haft forystu um skyndihjálparfræðslu hér á landi. Samanburðarkannanir leiða í ljós að almenn skyndihjálparþekking Íslendinga er með því mesta sem gerist í Evrópu, og er Rauða krossinum umhugað um að halda áfram því frábæra starfi sem áunnist hefur á þeim vettvangi.

Árið 1974 var undirritaður samstarfssamningur Rauða krossins, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Almannavarna ríkisins sem kveður á um að félagið hefði forystu um kennslu í skyndihjálpar og því bæri að sjá til þess að leiðbeinendur væru starfandi í öllum landslutum. Rauða krossinum var jafnframt falið að vinna að því að eitt námskerfi væri notað um allt land.

Þannig ber Rauði krossinn ábyrgð á því að uppfæra og endurbæta í samræmi við alþjóðlega

staðla allt námsefni sem lýtur að skyndihjálpar. Haldið var endurmenntunarnámskeið fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpar þann 18. febrúar í húsnæði landsskrifstofu Rauða krossins. Þátttakendur voru um 30 talsins víðs vegar að af landinu. Rauði krossinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Skyndihjálparráð Íslands stóðu sameiginlega að námskeiðinu.

Haldið voru ríflega 420 skyndihjálparnámskeið á árinu 2012. Heildarfjöldi þátttakenda á þeim var tæplega 6500 manns, sem er meira en hefur verið síðustu ár.

Flest námskeiðin, eða um 260, voru fjögurra klukkustunda löng, um 95 voru 12 klukkustunda löng, önnur námskeið voru átta eða tveggja klukkustunda löng. Alls héldu 27 deildir félagsins um 220 námskeið. Akranesdeild Rauða krossins hélt flest námskeið



Skyndihjálpar er mikilvægur þáttur í þjálfun sjálfboðaliða.

á vegum deilda árið 2012, alls 54 námskeið sem er frábær árangur hjá ekki stærri deild.

Um 196 námskeið voru haldin fyrir hópa og fyrirtæki á vegum landsskrifstofu Rauða krossins. Um sívaxandi fjáröflun er að ræða og í ár skilaði hún ríflega 15 milljónum króna til félagsins. ■



Rauði krossinn í Reykjavík stóð fyrir árlegri kakósölu í fjáröflunarskyni fyrir jólin.

Jólaaðstoð Rauða krossins um allt land

Rauði krossinn á Íslandi stóð að venju að jólaaðstoð fyrir fjölskyldur og einstaklinga um allt land. Að þessu sinni varði Rauði krossinn alls tæpum 11 milljónum króna og voru úthlutanir 2555 til fjölskyldna og einstaklinga. Þetta er svipaður fjöldi og naut aðstoðar Rauða krossins árið 2011, en þá voru úthlutanir alls um 2600 og var kostnaður deilda 13,3 milljónir króna. Athygli vekur að jólaúthlutanir félagsins hafa dregist saman um tæpan þriðjung frá árinu 2010, þegar Rauði krossinn varði 28,5 milljónum króna til aðstoðar um 6000 fjölskyldum og einstaklingum.

Fyrir jólin veitti Rauði krossinn í Reykjavík einnig fjárstyrki úr Elínborgarsjóði til einstaklinga sem eiga verulega erfitt vegna fátæktar. Alls nam upphæðin 5 milljónum króna og voru styrkþegar 100 á árinu 2012. Þetta er sama upphæð og á árinu 2011, en árið 2010 nam þessi upphæð 9,5 milljónum króna.

Rauði krossinn hefur unnið ótúllega að því að afla fjár fyrir jólin, ýmist til styrktar jólaaðstoð félagsins eða fyrir innanlandsverkefnum. Fjöldmörg fyrirtæki veita styrki í sinni heimabyggð fyrir jólin, og eins veita fyrirtæki fjárstyrki sem nýttir eru í jólaúthlutun deilda um allt land. Alls voru lagðar fram rúmlega 5 milljónir króna til landsskrifstofu Rauða krossins.

Þá tóku fjölmargir rekstraraðilar í miðbænum, tónlistarmenn og hönnuðir höndum saman og söfnuðu fyrir jólaúthlutun Rauða krossins þann 12.12.12. Í 12 tíma tónlistarmaræðni og fatauppboði þar sem seld var íslensk hönnun



Skúli mennski tróð upp í tónlistarmaræðni til styrktar Rauða krossinum þann 12.12.12.

í bland við flíkur úr Rauðakrossbúðinni og vintage-verslunum á kostakjörum. Um hundrað tónlistarmenn tróðu upp á Obladí Oblada og Dillon fyrir vægan aðgangseyri. Alls söfnuðust um 500.000 kr. á þessum 12 tímum í miðborginni sem varið var til jólaaðstoðar.

Að venju voru einnig jólahefti Rauða krossins send til allra heimila landsins. Jólaheftið hefur verið óbreytt í 16 ár og inniheldur merkimiða á pakka, jólamerki á umslög og jólakort. Á hverju ári eru fengnir til samstarfs ungir listamenn. Gíróséðill fylgir heftinu og er landsmönnum boðið að styrkja innanlandsverkefni félagsins með því að kaupa heftið. Að þessu sinni söfnuðust tæpar 11 milljónir króna, en framleiðslukostnaður hefur aukist mikið undanfarin ár og hefur hagnaður því dregist saman milli ára. ■



Deildir í Fjarðabyggð fengu jólastyrk frá nytjamarkaðinum Steinum í Neskaupstað.



Hönnuðir í miðbænum gáfu vöru sína á uppboði til styrktar jólaúthlutun Rauða krossins.



Verslunin Simply á Laugavegi gaf 12% af sölu dagsins þann 12.12.12 til Rauða krossins.

Fatasöfnun Rauða krossins ómetanleg fjáröflun



Fatasöfnunargámar Rauða krossins eru um allt land.

Fatasöfnun Rauða krossins er eitt mikilvægasta fjáröflunarverkefni félagsins. Hagnaður ársins 2012 var um 88 milljónir króna, eða um 3 milljónum meiri en árið 2011.

Um 21% aukning varð í útflutningi á fatnaði til sölu erlendis milli ára. Flutt voru út 1350 tonn í 96 gámum. Útflutningurinn gaf 68 milljónir, sem er um 25% aukning í tekjum.

Í fataverkefninu munar miklu um fyrirtækja-samstarf Rauða krossins við SORPU, sem tekur á móti fatnaði á Endurvinnslustöðvum sínum, og Eimskip/Flytjanda, sem annast flutninga innanlands án endurgjalds og utan á afar hagstæðum kjörum.



Sjálfbóðaliðar Rauða krossins þrjóna og sauma ungbarnaföt, klæði og teppi í verkefninu *Föt sem framlag*.

Um 62 milljónum af tekjum fatasöfnunar var varið til alþjóðlegs hjálparstarfs, en rúmar 20 milljónir fóru til reksturs Hjálparsíma Rauða krossins 1717. Um 5 milljónir króna runnu til ýmissa innanlandsverkefna deilda.

Alls koma um 450 sjálfbóðaliðar að fataverkefni Rauða krossins við söfnun, flokkun, sölu og framleiðslu barnapakka í verkefninu *Föt sem framlag*. Ellefu verslanir eru reknar á landsvísi: á Akureyri, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Eskifirði, Hornafirði, Húsavík og Stöðvarfirði, auk þriggja Rauðakrossbúða í Reykjavík og einnar í Hafnarfirði.

Á höfuðborgarsvæðinu starfa alls um 200 sjálfbóðaliðar að fataverkefninu. Þar af eru um 80 sjálfbóðaliðar sem vinna í Rauðakrossbúðunum í Reykjavík og Hafnarfirði. Að auki lögðu 32 sjálfbóðaliðar frá Auði Capital verkefninu lið í tengslum við samfélagsverkefni fyrirtækisins sem kallast Dagsverk Auðar.

Heildarsala árið 2012 var hærri í öllum verslunum á höfuðborgarsvæðinu miðað við árið 2011. Mesta aukningin varð í versluninni að Strandgötu 24 í Hafnarfirði, eða um 29% milli ára. Rauði krossinn bryddaði einnig upp á



mörgum nýjungum í samstarfi við hönnuði á árinu. Samvinna var í lok árs við hönnunaráhúsið ATMO. Unnið var með tveimur ungum stúlkur sem fengu styrk frá Hinu húsínu við að vinna skapandi sumarstörf og haldin voru tvö fatauppböð í samstarfi við hönnuði á Laugaveginum.

Alls fengu um 1500 manns úthlutað fatnaði frá Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu. Þá sjá deildir víða um land um fataúthlutun sé til þeirra leitað. Samstarf er einnig um fataúthlutanir til Kvennaathvarfsins og hælisleitenda.



Fatasöfnunin er einnig eitt stærsta umhverfisverkefni Rauða krossins. Deildir hans um allt land safna notuðum fatnaði sem allur nýttist til hjálparstarfs. Þetta er ekki einungis frábær endurvinnsla heldur styrkir fólk neyðaraðstoð Rauða krossins bæði hér á landi og erlendis með því að gefa fatnað.

Þá var flokkað og pakkað í þrjá gáma sem sendir voru til Rauða krossins í Hvíta-Rússlandi sem dreifir fatnaðinum til fátækra barnafjölskyldna. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins í verkefninu *Föt sem framlag* um allt land sjá að mestu um að þrjóna og sauma fatnað, og setja saman staðlaða pakka. ■

Metár í sendingu barnapakka til Hvíta-Rússlands

Alls fóru þrjú gámar með fötum frá Íslandi til Hvíta-Rússlands á árinu, til héraðanna Brest, Mogilev og Vitebsk. Að mestu voru það fatapakkar fyrir börn sem sjálfboðaliðar Rauða krossins um allt land útbjuggu. Á árinu 2012 var sett met nýtt við framleiðslu barnapakka. Alls voru sendir 7753 ungbarnapakkar til Hvíta-Rússlands auk 3420 pakka fyrir eldri börn fyrir utan annan vetrarfátnað fyrir börn, unglinga og fullorðna. Alls vógu sendingarnar rúmlega 28 tonn. Má áætla að minnst 12.000 manns hafi notið góðs af

fatasendingunum, þar á meðal margar fátækar barnafjölskyldur, aldraðir, fatlaðir og heimilislaust fólk.

Þennan myndarlega stuðning eigum helst að þakka miklum fjölda sjálfboðaliða hér á landi sem hittist reglulega, þrjónar og saumar saman, þvær, straujar og pakkar. Það er ósvikin vinnugleði sem ríkir iðulega meðal sjálfboðaliðanna innan deildanna 29 sem bjóða upp á verkefnið við gerð barnapakka. Vörurnar eru ótrúlega fallega unnar,



Fjölskylda í Hvíta-Rússlandi með fatapakka frá sjálfboðaliðum Rauða krossins á Íslandi.

og fólk á öllum aldri tekur þátt í verkefninu. Eins eru send föt sem deildirnar safna, m.a. með aðstoð skólakrakka hér á landi. Þörfin er mikil þar sem vetrarhörkur eru iðulega miklar, hús fátækra fjölskyldna illa einangruð og kynding oft ófullkomin. ■

Mannvinir mikilvægir liðsmenn Rauða krossins



Mannvinir Rauða krossins styðja heimili fyrir 500 munaðarlaus börn í Sómalíu.

Fjárframlög einstaklinga eru mikilvægur tekjugrunnur fyrir Rauða krossinn, og skipar æ stærri sess með árunum. Fjöldi fólks hefur veitt Rauða krossinum reglulega styrki um árabíl en fyrirkomulag greiðslu hefur verið með ýmsum hætti. Árið 2010 var ákveðið að sameina þessa styrktaraðila undir heitinu Mannvinir Rauða krossins.

Mannvinir eru þeir sem styðja langtíma verkefni Rauða krossins á alþjóðlegum vettvangi með

mánaðarlegum framlögum. Viðkomandi einstaklingar skuldbinda sig til að styðja verkefnið í að minnsta kosti eitt ár en flestir kjósa að styrkja Rauða krossinn mun lengur. Mannvinir Rauða krossins eru nú um 7000 talsins.

Sumarið 2010 var fyrst ráðist í að fá ungt fólk til sumarstarfa við að safna styrktaraðilum á fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

Síðan þá hefur einnig hefur verið efnt til

úthringinga til að bjóða fólki að styrkja Rauða krossinn með þessum hætti.

Með þessu átaki hefur Mannvinum fjölgað jafnt og þétt. Sumarið 2012 söfnuðust 1200 nýir Mannvinir. Sú nýjung var tekin upp um sumarið að fara einnig út fyrir höfuðborgarsvæðið og safna Mannvinum á eftirtöldum stöðum: Reykjanesi, Selfossi, Hveragerði, Akranesi, Dalvík og Akureyri.

Verkefni sem Mannvinir Rauða krossins styrkja:

Í **Malaví** styður þú alnæmissmitaða til sjálfshjálpar og munaðarlaus börn til mennta og þroska.

Í **Síerra Leóne** styður þú athvarf þar sem 150 ungmenni sem upplifðu hrylling borgarastyrjaldar læra að lesa og skrifa og stunda iðnnám af ýmsum toga.

Í **Palestínu** styður þú sálrænan stuðning við 6600 börn, 10-12 ára, sem búa við stöðuga óvissu og spennu.

Í **Hvíta-Rússlandi** styður þú baráttuna gegn mansali og hjálpar Rauða krossinum að dreifa fatnaði til barna efnalítilla foreldra.

Í **Sómalíu** styður þú heilsugæslu á hjólum og endurbyggingu tveggja heimila fyrir samtals 500 munaðarlaus börn. ■

Sálrænn stuðningur við stríðshrjáð börn í Palestínu

Börn í Palestínu njóta sálræns
stuðnings í samstarfsverkefni
Rauða krossins á Íslandi og
Rauða hálfmánans í Palestínu.



Rauði krossinn á Íslandi hefur frá árinu 2002 verið í samstarfi við systurfélag sitt í Palestínu um að veita börnum sálrænan stuðning og gera þeim kleift að njóta barnæskunnar í leik og friðsamlegum samskiptum við sína nánustu. Verkefnið fer fram á Vesturbakkanum í sveitarfélögunum Hebron, Tubas, Nablus, Qalqilya, Jenin, Tulkarem og austurhluta Jerúsalem.

Rauði krossinn á Íslandi vinnur að verkefninu ásamt Rauða krossinum í Danmörku, Frakklandi og á Ítalíu, í samvinnu við Rauða hálfmánann í Palestínu. Hefur samstarfsformið gefist einstaklega vel og gerir að verkum að aðstoðin nær til fleiri. Kostnaður við verkefnið er að mestu greiddur úr sjóðum Evrópusambandsins (ECHO). Mikilvægt er að halda stuðningnum áfram og þróa og bæta úrræðin svo lengi sem átökin geisa.

Félagsmiðstöð í Betlehem

Rauði krossinn á Íslandi styður starfsemi félagsmiðstöðvar í Betlehem og var þetta þriðja ár starfseminnar. Deild Rauða hálfmánans

í Betlehem hefur yfir að ráða húsnæði sem nýtt er fyrir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Þar er veitt ýmiss konar þjónusta fyrir íbúa borgarinnar, unga sem aldna. Sem dæmi má nefna að foreldrar fatlaðra barna koma saman og ræða réttindi þeirra og þarfir fyrir þjónustu, haldin eru námskeið um hvernig megi hætta að reykja og sjálfbóðaliðar fá ýmiss konar þjálfun og fræðslu, svo sem um neyðarvarnir.

Rauði krossinn á Íslandi greiddi kostnað við

að hleypta félagsmiðstöðinni af stokkunum, þ.e. kaup á húsbúnaði og tækjum, og hefur síðan staðið straum af rekstarkostnaði miðstöðvarinnar.

Alls voru ríflega 22.000 heimsóknir í félagsmiðstöðina á síðasta ári. 100 sjálfbóðaliðar, flest ungt fólk, tóku þátt í starfinu og stóðu fyrir ýmsum upptökum. Kostnaður við þetta verkefni árið 2012 var um 9 milljónir króna, og var framlag utanríkisráðuneytis 5 milljónir króna. ■

Staðreyndir úr starfinu

- 5112 börn í 5. og 6. bekk fengu sálrænan stuðning og jókst vellíðan þeirra umtalsvert.
- Um 51.000 börn, aðstandendur þeirra og aðrir íbúar á Vesturbakkanum tóku þátt í fræðslu og ýmsum viðburðum sem tengjast sálrænum stuðningi.
- Tæplega 2000 foreldrar fengu fræðslu um áfallastreitu og líkamlegar refsingar barna minnkuðu um tæp 20%.
- Heimsóknir í félagsmiðstöð í Betlehem, sem Rauði krossinn á Íslandi styður, voru samtals um 22.000 talsins á árinu 2012.

Tombólubörnin eflast með hverju ári



Yfir 500 börn safna peningum fyrir Rauða krossinn á hverju ári.

Yngstu sjálfbóðaliðar Rauða krossins, tombólubörnin, söfnuðu alls um 1,2 milljónum króna á árinu 2012, og fer sú upphæð vaxandi með hverju ári. Um 500 börn styrktu Rauða krossinn með alls kyns fjársöfnunum og eru hugmyndaauðgi þeirra í fjáröflun engin takmörk sett. Tombólubörnin skipa mikilvægan sess í starfi félagsins og sýna að ekkert aldurslágmark er á þörfinni fyrir að gefa af sér til þeirra sem búa við krappari kjör.

Framlög barna til Rauða krossins eru alltaf notuð til að aðstoða önnur börn víða um heim. Fénu var að þessu sinni varið til að-

stoðar við um 200 skólabörn í Gambíu en Birna Halldórsdóttir, sendifulltrúi Rauða krossins þar, hafði milligöngu um verkefnið. Fénu var að stórum hluta varið til að kaupa skólavörur og skólabúninga til skiptanna.

Í Gambíu eru fjölmörg börn sem ekki geta sótt skóla sökum fátæktar. Ef fjölskyldan hefur ekki efni á að kaupa skólabúninga og skólabækur eru þau einfaldlega látin hætta í skólanum. Því má segja að framlag íslenskra tombólubarna hafi orðið til þess að um 200 jafnaldrar þeirra í Gambíu geta nú haldið áfram námi. ■



Birna Halldórsdóttir sendifulltrúi með hópi gambískra skólabarna sem tombólubörn á Íslandi styðja til náms.

Neyðaraðgerðir í Gambíu og á Sahel-svæðinu

Mikill matvæskortur ógnaði lífi milljóna manna á Sahel-beltinu sunnan Sahara. Ákveðið var að styðja við þrenns konar aðgerðir til að bregðast við ástandinu. Rauði krossinn á Írlandi var styrktur um liðlega 10 milljónir króna vegna verkefna í Níger. Alþjóðaráð Rauða krossins var styrkt um rúmar 17 milljónir vegna verkefna í Níger og Malí, þar af styrkti utanríkisráðuneytið aðgerðirnar um 12 milljónir. Þriðju aðgerðirnar voru svo í Gambíu.

Gambía

Umfangsmestu neyðaraðgerðir Rauða krossins á Íslandi á Sahel-svæðinu voru stuðningur við hjálparstarfið í Gambíu. Rauði krossinn á Íslandi styrkti starfið um hátt í 45 milljónir og leiddi starf Alþjóða Rauða krossins í landinu. Tveir íslenskir sendifulltrúar komu að hjálpar-



Matvæladreifing í Gambíu þar sem Rauði krossinn á Íslandi studdi neyðaraðgerðir vegna mikils uppskerubrests.


starfinu og unnu við mat á aðstæðum og þarfagreiningu, og stjórnun aðgerða neyðaraðstoðar.

Útsæði og matvælum var dreift til rúmlega 8000 fjölskyldna sem mest þurftu á hjálp að halda. Uppskerubrestur og matvæskortur í líkingu við ástandið nú hefur ekki verið í Gambíu í um 15 ár og því var þetta mikið áfall fyrir þetta litla land.

Rauði krossinn á Íslandi hefur átt farsæl samskipti við Rauða krossinn í Gambíu síðastliðin 20 ár og hafa meðal annars fjölmörg íslensk ungmenni starfað þar við hjálparstarf. Gambía er minnsta landið á meginlandi

Afríku, 11.300 ferkílómetrar að stærð og með 1,8 milljónir íbúa. Um 75% þjóðarinnar hafa lífsviðurværi sitt af landbúnaði. Gambía er eitt af fátækustu ríkjum heims og er í 168. sæti á lífskjaraalista Sameinuðu þjóðanna. Ísland er í 14. sæti á sama lista.

Rauði krossinn á Íslandi varði alls 40 milljónum úr hjálparsjóði til neyðaraðstoðarinnar. Mikilvægt er fyrir Rauða krossinn að geta nýtt sjóð sem þennan með óeyrnamerktu fé. Annars gæfist ekki kostur á að styrkja systurfélög sem eiga erfitt uppdráttar til að bregðast við neyð á stöðum sem njóta lítillar fjölmíðlaathygli og geta ekki aflað fjár til neyðaraðgerða meðal ríkisstjórna, fyrirtækja og almennings. ■



Vel var tekið á móti rúmlega 2400 sjálfboðaliðum sem gengu til góðs í landssöfnun Rauða krossins í október.

Gengið til góðs fyrir börn í neyð

Göngum til góðs, landssöfnun Rauða krossins á Íslandi til alþjóðastarfa, fór fram í sjöunda sinn þann 6. október. Rúmlega 2400 sjálfboðaliðar tóku þátt í söfnuninni að þessu sinni.

Sjö hundruð sjálfboðaliðar á landsbyggðinni gengu í flest hús þar í þéttbýli og um 1700 sjálfboðaliðar náðu að heimsækja um tvo þriðju heimila á höfuðborgarsvæðinu. Mikið var um að fjölskyldur og vinir gengju saman og fékk söfnunarfólk að venju hlýjar móttökur landsmanna.

Stuðningur og góðvild almennings í garð Rauða krossins eru lykilatriðin í að söfnunin gangi vel, hvort sem fólk kys að gefa eða gerast sjálfboðaliðar eina dagsstund fyrir félagið. Markmið landssöfnunarinnar er að banka upp á með söfnunarbauka hjá öllum heimilum á landinu og bjóða fólki að styrkja Rauða krossinn.

Áhersla á verkefni fyrir börn í neyð

Landssöfnunin *Göngum til góðs* er haldin annað hvert ár. Það sem gerir hana frábrugðna öðrum söfnunum er að ekki er einungis leitað eftir fjárstuðningi heldur er einnig markmiðið að fá fólk til að sýna samstöðu í verki með því að gerast sjálfboðaliðar.

Í söfnuninni *Göngum til góðs* er gjarnan litið til langtímasamstarfsverkefna Rauða krossins á Íslandi sem eiga undir högg að sækja varðandi fjármögnun, en þar sem þörfin er engu síður aðkallandi og brýn en þar sem náttúruhamfarir og átök geisa. Að þessu sinni safnaði Rauði krossinn fyrir verkefnum félagsins sem styðja börn í neyð.

Alls komu um 25 milljónir króna upp úr baukunum. Það er heldur meira en árið 2010 þegar tæpar 22 milljónir söfnuðust. Árið 2008, þegar gengið var í sama mánuði og efnahagskreppan skall á, söfnuðust um 18 milljónir króna.

Börnin sem meðal annarra nutu góðs af söfnuninni nú eru skjólstaðingar matvælaaðstoðar Rauða krossins í Sómalíu, skólabörn í Palestínu sem lifa við stöðuga spennu og stríðsástand en njóta sálræns stuðnings frá Rauða krossinum og Rauða hálfmánum, og fátækar fjölskyldur í Hvíta-Rússlandi sem fengu aðstoð til að lifa af við erfiðar aðstæður. ■



Þáttaskil í Malaví

Alls nutu um 200 börn í Chiradzulu og Mwanza stuðnings til skólagöngu. Þau fengu, auk skólagjalda, matvæli, fatnað og félagslegan stuðning.

Unnið var að undirbúningi nýs heilbrigðisverkefnis í Masanje í Mangochi-héraði. Verkefnið hefst í byrjun árs 2013 og mun þjóna 50 þorpum eða alls um 48.000 manns. Byggðir verða brunnar og salerni við skólana á svæðinu auk þess sem sjálfbóðaliðar þorpanna munu fá margháttaða heilbrigðisfræðslu um smitleiðir og varnir gegn sjúkdómum, hreinlætismál og kynlíf og barneignir.

Unnið var að lúkningu verkefnanna tveggja í Chiradzulu og Mwanza og því að yfirvöld á staðnum taki til við að sinna skjólstæðingum verkefnisins.



Pórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs, með íbúum Mangochi-héraðs eftir samráðsfund um ný heilbrigðisverkefni Rauða krossins í Malaví.

Árið 2012 markar þáttaskil í samvinnu Rauða krossins á Íslandi og í Malaví eftir 10 ára samstarf. Árið var að stórum hluta nýtt til að endurmeta samstarfsverkefni landsfélaganna, ljúka verkefnispáttum og undirbúa nýja.

Alnæmisverkefnum sem Rauði krossinn á Íslandi hefur stutt í suðurhluta landsins lauk á árinu. Aflað hefur verið fjár til þessa verkefnis með ýmsum hætti, t.d. með stuðningi almennings í gegnum landssöfnunina *Göngum*

til góðs, með ríkisframlögum, og styrk Mannvina Rauða krossins.

Unnið var að undirbúningi nýs heilsgæsluverkefnis með stuðningi Rauða krossins á Íslandi í Masanje, afskekkum hluta Mangochi-héraðs við Malavívatn. Þróunarsamvinnustofnun Íslands og utanríkisráðuneytið veita þessu verkefni brautargengi með myndarlegum fjárstuðningi. ■

Áframhaldandi rekstur sjúkrabílaflotans til ársins 2015

Rauði krossinn á Íslandi sér um innkaup og rekstur á öllum sjúkrabílfreiðum á landinu. Frá upphafi sjúkraflutninga á Íslandi hefur það verið hlutverk Rauða krossins að tryggja gæði sjúkraflutninga um allt land. Alls eru 77 sjúkrabílfreiðar í rekstri á landinu öllu.

Rekstur sjúkrabílaflotans er veigamikill hluti af starfsemi félagsins, og nam rekstur sjúkrabílfreiða um 20% af heildarútgjöldum Rauða krossins árið 2012. Alls voru sjúkraflutningar á árinu 2012 tæplega 28.000 sem er örlítil fjölgun frá á árinu 2011. Þrír nýir sjúkrabílar komu inn í reksturinn á árinu.

Í lok árs 2012 var loks gerður nýr samningur við ríkið um rekstur sjúkrabílfreiða eftir tveggja ára bið, en fyrri samningur rann úr



Leikskólabörn af Brákarborg heimsóttu Rauða krossinn og fengu að skoða sjúkrabíl.

gildi árið 2010. Gildistími samningsins er frá ársbyrjun 2012 til ársloka 2015. Í honum er gert er ráð fyrir að sjúkrabílfreiðum fækki og fjöldi þeirra á landinu öllu verði kominn niður í 68 í lok samningstímans.

Í samningnum er gert ráð fyrir að fleiri nýir sjúkrabílar verði keyptir en á undanförunum

árum en flestir þeirra verði minni en þeir bílar sem eru algengastir nú. Framlög ríkisins verða 185,2 milljónir kr. á ári en Rauði krossinn leggur fram 13 milljónir á ári. Tölur þessar hækka samkvæmt breytingum á vísitölu milli ára. Aðrar tekjur til rekstrar sjúkrabíla koma frá notendum þjónustunnar. Þessar tekjur voru 161 milljón á síðasta ári. ■



Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins, og Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, handsala styrktarsamning til þriggja ára. Örn Ragnarsson verkefnisstjóri fatasöfnunar fylgist með.

Fyrirtækjasamstarf Rauða krossins

Fjölmeiri fyrirtæki starfa með Rauða krossinum um land allt og styrkja félagið á einn eða annan hátt. Þar má nefna beina fjárstyrki, auglýsingastyrki og vörustyrki, eða fyrirtækjasamstarf þar sem starfsmenn gefa dýrmætan tíma sinn með þátttöku í verkefnum Rauða krossins.

Rauða krossinn hefur gert formlegt samkomulag um samstarf við eftirfarandi fyrirtæki:

Eimskip

Eimskip/Flytjandi er helsti styrktaraðili fatasöfnunarverkefnis Rauða krossins. Fyrirtækið flytur fatagáma félagsins milli landshluta og til útlanda án endurgjalds og styður við átak í fatasöfnun við sundlaugar landsins á hverju vori. Ágóði af starfi Fatasöfnunar Rauða krossins rennur til hjálparstarfs Rauða krossins innanlands sem utan.

Sorpa

Sorpa er mikilvægur samstarfsaðili Rauða krossins í fatasöfnunarverkefni félagsins og eru söfnunargámar fyrir föt á öllum endurvinnslustöðvum Sorpu á höfuðborgarsvæðinu.

Arion banki

Arion banki hefur stutt Rauða krossinn með reglubundnum fjárstyrkjum á liðnum árum fyrir landssafnanir og áhersluverkefni félagsins. Þá hefur Arion banki veitt myndarlega styrki til jólaúthlutana Rauða krossins.

Vífilfell

Vífilfell hefur stutt við neyðarviðbúnað Rauða krossins á innlendum vettvangi með ágóða af sölu vatns á flöskum. Unnið er að áframhaldandi samstarfssamningi fyrir árið 2013. Alþjóða Rauði krossinn og Coca Cola samsteypan hafa gert með sér tímamótasamning þar sem fyrirtækið mun veita mann-

úðarsamtökunum 230 milljarða króna styrk á næstu árum í neyðarviðbrögð og neyðarvarnir.

Síminn

Síminn er aðalstyrktaraðili Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og hýsir símerki Hjálparsímans án endurgjalds. Síminn og öll hin símafyrirtækin á Íslandi bjóða jafnframt gjaldfrjáls símötöl í Hjálparsímann. Tæplega 100 manna hópur sjálfbóðaliða starfar við símsvörum hjá Hjálparsíma Rauða krossins 1717.

Alvogen

Lyfjafyrirtækið Alvogen styður náms- og starfsþjálfun ungmenna í Sierra Leone sem urðu illa úti í borgarastyrjöldinni sem geisaði í landinu um árabíl. Starfsmenn Alvogen í 20 löndum standa fyrir söfnunaráttakinu Alvogen for Africa og samkvæmt þriggja ára styrktarsamningi rennur söfnunarféð óskert til þessa verkefnis Rauða krossins. ■

Rauða kross varningur til sölu



Sala á varningi til styrktar Rauða krossinum jókst árið 2012. Hafin var sala á USB-hleðslutækjum í bíla og timburleikföngum merktum Rauða krossinum. Töluverður skriður komst einnig á sölu tónlistardisksins Vísnaðok heimsins sem gefinn var út árið 2005. Diskurinn hefur að geyma 19 barnalög á 14 tungumálum og eru þau sungin af íslenskum börnum sem eiga foreldri af erlendum uppruna. Tónlistarmennirnir Eyþór Gunnarsson og Ellen Kristjánsdóttir sáu um útgáfuna og rennur allur ágóði óskiptur til Rauða krossins.

Minningarkort til styrktar Rauða krossinum skila árlega nokkuð jöfnum tekjum, alls um 1 milljón króna. Einnig fékk Rauði krossinn um 1,2 milljónir króna í söfnun erlendar myntar. Alls skiluðu þessar fjárflyunarleiðir um 2,5 milljónum króna árið 2012.

Rauði krossinn hefur um árabíl selt handhægar skyndihjálpartöskur sem gott er að hafa til taks á heimilinu eða í bílnum. Mikil aukning varð í sölu þeirra árið 2012, og voru tekjur félagsins af þessum bráðnauðsynlega varningi um 2 milljónir króna á árinu. ■



Notendur og velunnarar Vinjar fögnuðu samningi um áframhaldandi rekstur ásamt Önnu Stefánsdóttur, formanni Rauða krossins, Jóni Gnarr borgarstjóra, Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra, Magnúsi Matthíassyni frá Vínafélagi velunnara Vinjar og Ellý A. Þorsteinsdóttur, hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Rekstur athvarfsins Vinjar tryggður

Rekstur Vinjar, athvarfs Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir, var tryggður til næstu þriggja ára með samningi þar að lútandi. Rauði krossinn hafði áætlað að loka athvarfinu í mars 2012, en gestir Vinjar og velunnarar þeirra tóku saman höndum við Rauða krossinn um að leita leiða til að standa undir rekstrarkostnaði. Einnig var sérstakt Vínafélag velunnara Vinjar stofnað til að styrkja reksturinn.

Samningurinn um rekstur Vinjar var undirritaður 18. maí af velferðarráðherra, borgarstjóra Reykjavíkur, formanni Rauða krossins á Íslandi og fulltrúum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Vínafélags velunnara Vinjar.

Rauði krossinn réðst í að opna Vin, athvarf fyrir fólk með geðraskanir, fyrir 20 árum í kjölfar þarfagreiningar um berskjaldaða hópa í samfélaginu. Samkvæmt könnuninni átti mjög stór hópur geðfatlaðra við gríðarlega félagslega einangrun að stríða og sár þörf reyndist fyrir úrræði þeim til handa. Rekstur Vinjar hefur ávallt miðað að því að rjúfa félagslega einangrun, draga úr endurinnlögnum á geðdeildir, efla þekkingu á málefnum geðsjúkra og skapa umhverfi þar sem gagnkvæm virðing og traust ríkir. Samningurinn nú tryggir að notendur Vinjar búi áfram við það öryggi sem þátttaka í félagsstarfi veitir og geti sótt þangað þjónustu.

Samkvæmt samningnum er rekstur Vinjar á ábyrgð Rauða krossins í Reykjavík. Rekstrarkostnaður Vinjar var um 24 milljónir króna árið 2012 og lagði Rauði krossinn til um 4 þeirra. Gert er ráð fyrir að sá rekstrarkostnaður haldist næstu þrjú árin og hlutur Rauða krossins fari minnkandi. Öðrum rekstrarkostnaði athvarfsins verður deilt niður næstu þrjú árin.

Frá upphafi hafa 25-30 gestir komið í Vin á hverjum degi. Gestakomur á árinu 2012 voru alls 5797 og það eru um 250 einstaklingar. Þar af mæta um 100 tvisvar í viku eða oftar. Um 80% gesta eru karlmenn og er meðalaldur þeirra 50 ár. ■

Ár	Velferðarráðuneyti	Reykjavíkurborg	Vínafélag Vinjar	Samtals
2012	10.000.000	5.000.000	5.000.000	20.000.000
2013	5.250.000	10.500.000	5.250.000	21.000.000
2014	5.500.000	11.000.000	5.500.000	22.000.000

Sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi

Flest tímabundin verkefni sem sendifulltrúar Rauða kross Íslands störfuðu að voru á heilbrigðisviði eða sjö verkefni í alls 21 mannmánuð. Verkefni á sviði fjármála og stjórnunar voru einnig sjö talsins í 41,5 mannmánuði. Verkefni er lutu að uppbyggingu og þróun landsfélaga voru tvö talsins í átta mannmánuði og eitt verkefni var á sviði upplýsinga- og kynningarmála í þrjú mannmánuði. Hlutfall milli kynja sendifulltrúa var þannig að átta konur sinntu níu verkefnum og voru að störfum í 38,3 mannmánuði en sjö karlar unnu að átta verkefnum í 35,5 mannmánuði.

Sendifulltrúar að störfum á árinu

Á árinu 2012 fóru 15 sendifulltrúar til starfa á erlendum vettvangi fyrir Rauða krossinn á Íslandi og störfuðu að 17 verkefnum í alls 76,8 mannmánuði.

Samanburðartafla 2008–2012 yfir fjölda útsendra sendifulltrúa á einu ári

Ár	Fjöldi sendifulltrúa	Fjöldi verkefna	Mannmánuðir
2012	15	17	76,8
2011	12	13	86,5
2010*	37	43	125
2009	22	21	93
2008	11	12	74

* Í upphafi árs 2010 reið jarðskjálfti yfir Haítí sem olli mikilli eyðileggingu í landinu og margir slösuðust eða veiktust í kjölfarið og þurftu að aðhlyningu að halda.

Áslaug Arnoldsdóttir hjúkrunarfræðingur fór til Íraks í september 2011 þar sem hún starfaði á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) fram í júní 2012. Starf Áslaugar fólst í því að heimsækja fangelsi, geðsjúkrahús og önnur sjúkrahús í Bagdad og vinna að bættum aðbúnaði vistmanna. Áslaug sá að auki um heilbrigðismál starfsmanna Alþjóðaráðs Rauða krossins í borginni.



Gestur Hrólfsson þróunarfræðingur starfaði fram á mitt ár 2012 í Malaví á vegum Rauða krossins á Íslandi. Starf Gestis fólst í að stýra heilbrigðisverkefnum félagsins í Mwanza og Chiradzulu og koma af stað heilbrigðisverkefnum í Man-gochi í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnu Íslands.



Hlér Guðjónsson guðfræðingur og heimspekingur fór tvær ferðir á vegum Rauða krossins árið 2012. Í byrjun júní fór Hlér til Gambíu á vegum Rauða krossins á Íslandi til að greina þörf fyrir mögulega neyðaraðstoð í landinu. Hlér hélt svo til Vestur-Afríkúríkisins Sierra Leóne í september 2012 til að stjórna kóleruverkefni Alþjóða Rauða krossins (IFRC) en um ein og hálf milljón skjólstæðinga naut beinnar aðstoðar frá Rauða krossinum.



Birna Halldórsdóttir mannfræðingur fór til starfa í Gambíu í byrjun júní 2012. Þar leiddi Birna neyðaraðstoð Alþjóða Rauða krossins (IFRC). Neyðaraðstoðin felur í sér dreifingu á útsæði og matvælum til þeirra rúmlega 8000 fjölskyldna sem mest þurfa á hjálp að halda og uppbyggingu á matjurtargörðum. Rauði krossinn á Íslandi var helsti styrktaraðili verkefnisins.



Helga Bára Bragadóttir mannfræðingur starfaði á Kyrrahafsskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Suva á Fidjeyjum til febrúarloka árið 2012. Helstu verkefni hennar voru að stuðla að skilvirkari lögum og reglum um alþjóðlega aðstoð við þolendur náttúruhamfara.



Hlín Baldvinsdóttir rekstrarfræðingur starfaði allt árið 2012 sem fjármálastjóri dreifingar moskítóneta víðs vegar í Afríku fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins (IFRC). Verkefnið miðaði að því að hefta útbreiðslu malaríu í álfunni. Starf Hlínar var að fullu greitt af Alþjóðasambandinu.



Davíð Lynch verkefnisstjóri starfaði við neyðarstjórnun hjá Evrópuskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Búdapest (IFRC) í Ungverjalandi fram á mitt ár 2012.



Hólmfríður Garðarsdóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir starfaði sem heilbrigðisfulltrúi Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Kúrdahéruðum í Írak frá því í október 2011 fram á vor 2012. Meginverkefni Hólmfríðar voru að fylgjast með frumheilsugæslu á svæðinu ásamt því að heimsækja fangelsi og huga að velferð fanga.



Hrafnhildur Sverrisdóttir alþjóðasamskiptafræðingur starfaði sem samskiptafulltrúi Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Pakistan fram í mars 2012. Hrafnhildur hafði umsjón með upplýsingaöflun og skýrslugerð fyrir sendinefndina í Pakistan og sá um samskipti við allar helstu stofnanir er sinna mannúðar- og þróunarstörfum í landinu.





Jóhann Thoroddsen sálfræðingur fór stutta vettvangsferð til Haítí í lok sumars á vegum Rauða krossins á Íslandi. Tilgangur ferðarinnar var að leggja mat á árangurinn af þeirri sálfélagslegu aðstoð sem veitt var í kjölfar jarðskjálftans 2010 og sækja samráðsfund þeirra aðila sem styrkja slík verkefni í landinu.



Þátttakendur í sendifulltrúanámskeiði Rauða krossins sem haldið var í Munaðarnesi í september. Rauði krossinn heldur námskeið annað hvert ár til að þjálfa sendifulltrúa á Veraldarvakt félagsins.

Karl Sæberg Júlíusson afbrotafræðingur var öryggisfulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) með aðsetur í Genf. Karl hóf störf í janúar 2006 sem starfsmaður í láni Rauða krossins á Íslandi, en félagið greiðir ekki lengur laun hans. Hlutverk Karls er að aðstoða sendinefndir Rauða krossins við að koma upp öryggiskerfi og öryggisreglum á vettvangi.



Kristjón Þorkelsson pípulagningameistari og sérfræðingur í vatns- og hreinlætismálum fór til Síerra Leóne um miðjan ágúst 2012 á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC), fyrst til að meta þörf fyrir aðstoð vegna skæðs kólerufaraldurs og síðan vann hann að fyrirbyggjandi aðgerðum ásamt því að reyna að greina upptök faraldursins.



Magna Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur hóf störf á svæðisskrifstofu Alþjóða Rauða krossins (IFRC) í Nairóbí í Kenýa í nóvember 2012 með samning til eins árs. Magna vinnur að því að samhæfa aðgerðir Alþjóðasambandsins á heilbrigðissviðinu í kjölfar farsóttu og hamfara í löndum Afríku.



Páll Biering geðhjúkrunarfræðingur fór til Nígeríu í júlí 2012 í tveggja mánaða vinnuferð á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) til að meta hvernig best er að standa að sáfélagslegri aðstoð við sjálfboðaliða Rauða krossins í Nígeríu og starfsfólk Alþjóðaráðsins sem fæst við afleiðingar hryðjuverka og vopnaðra átaka. Þetta er fyrsta verkefni Páls fyrir Rauða krossinn.



Sigríður Þormar hjúkrunarfræðingur og heilsusálfræðingur fór í stutta ferð til Kaupmannahafnar á vegum þekkingaseturs Rauða krossins í sálrænum stuðningi þar sem hún kenndi á fjölþjóðlegu námskeiði fyrir þá sem sjá um þjálfun leiðbeinenda í sálrænum stuðningi í sínu heimalandi. Sigríður fór síðar á árinu á vegum Norska Rauða krossins til Simbabve. Þar kenndi hún á fjölþjóðlegu vettvangsnámskeiði fyrir sendifulltrúa en á námskeiðinu var sjónum beint að verkefnum á sviði heilsuverndar og skyndihjálpar fyrir íbúa í nærsamfélaginu. ■







Rauði krossinn á Íslandi styður við athvarf fyrir ungmenni í Moyamba-héraði í Síerra Leóne. Þar lærir unga fólkið handverk og iðn og fær tækifæri til að koma undir sig fótum í lífinu.

Langtímaverkefni og kólerufaraldur í Síerra Leóne

Síerra Leóne

Þann 5. maí 2012 útskrifuðust 150 ungmenni úr Moyamba-endurhæfingarsetrinu.

Í júní hóf síðan þriðji árgangurinn nám í Moyamba og komu þau 150 ungmenni úr fimm héruðum í nágrenni Moyamba. Þau hófu nám í júní.

Alls stunda 59 drengir og 91 stúlka nám í athvarfinu.

Þá er 75 börnum nemendanna, undir 5 ára aldri, sinnt á dagheimili setursins.

Frá árinu 2005 hefur Rauði kross Íslands stutt við verkefnið í félagi við önnur Rauða kross félög. Frá 2010 hefur stuðningurinn alfarið verið við nýtt athvarf í bænum Moyamba.

Rauði krossinn fjármagnaði nær alfarið rekstur athvarfsins fyrsta skólaárið í samstarfi við Alþjóða Rauða krossinn, en í kjölfar undirritunar á tvíhliða samstarfssamningi milli Rauða kross félaganna á Íslandi og í Síerra Leóne árið 2011 hefur verið unnið að fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir hvert skólaár með fjárfraðslu frá Rauða krossinum á Íslandi. Verkefnið hefur gengið vel með dyggum stuðningi Mannvina Rauða krossins, utanríkisráðuneytisins og lyfjafyrirtækisins Alvogen sem leggur til 4 milljónir á ári í þrjú ár. Kostnaður verkefnisins árið 2012 var 22 milljónir króna.

Neyðaraðgerðir vegna kóleru

Sumarið 2012 braust út mikill kólerufaraldur í Síerra Leóne. Tveir sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi tóku þátt í að vinna gegn útbreiðslu kólerunnar og fylgdu verkefninu

eftir allt til enda. Rauði krossinn á Íslandi studdi neyðaraðgerðirnar með fjárstyrk frá almenningi og ríkisstjórn Íslands sem lagði fram 14 milljónir króna til verkefnisins.

Vinaverkefni

Deildir Rauða krossins á Íslandi geta með framlagi til áþreifanlegra verkefna veitt mikilvægan stuðning við langtímaverkefni félagsins. Deildir Rauða krossins sem styðja við Moyamba-athvarfið í gegnum vinaverkefni eru:

Kópavogsdeild með 50.000 króna framlagi til kaupa á verkfærakistu fyrir klæðskera.

Deildir á Norðurlandi fjármöggnuðu allar fatalitunarkistur nemenda með framlagi að upphæð 1.050.000 krónur.

Deildir á Suðurlandi keyptu þrjú reiðhjól með 45.000 króna framlagi.

Súðavíkurdeild setti 15.000 króna framlag upp í matarinnkaup. ■



MANNVINUR RAUÐA KROSSINS

Mannvinur Rauða krossins tekur þátt í alþjóðlegu hjálparstarfi með mánaðarlegum framlögum að eigin vali.

Þú getur orðið **Mannvinur** núna - á www.raudikrossinn.is.



Rauði krossinn



Hjálparsími Rauða krossins 1717 er opinn alla daga ársins, allan sólarhringinn og er fyrir alla.

1717



1717



Rauði krossinn



Rauði krossinn

LANDSSKRIFSTOFA
EFSTALEITI 9
103 REYKJAVÍK
SÍMI 570 4000
CENTRAL@REDCROSS.IS
WWW.RAUDIKROSSINN.IS